

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2012 - 2013

Góðir aðalfundargestir, ég býð ykkur velkomin á aðalfund FENÚR, þann 13 í röðinni.

Stjórnin hélt 8 (nr. 135-141) formlega fundi á starfsárinu og voru aðalmenn og varamenn í stjórn boðaðir á fundina. Fundargerðir þessara funda liggja fyrir á heimasíðu Fenúr. Flestir fundanna voru haldnir í síma.

Verkaskipting stjórnar er:

Formaður: Hafsteinn H. Gunnarsson

Varaformaður: Eiður Guðmundsson

Ritari: Bryndís Skúladóttir

Gjaldkeri: Már Karlsson

Meðstjórnandi: Ingbór Guðmundsson

Varamenn: Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Ragna Halldórssdóttir

Aðalfundarráðstefna 2012 „Úrgangsmál í deiglu“

Fundarstjóri var Bryndís Haraldsdóttir, varaformaður bæjarráðs og formaður Skipulagsnefndar Mosfellsbæjar. Kjartan Ingvarsson frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti var með tvö erindi, það fyrra um drög að nýju frumvarpi um Landsáætlun og það síðara um innleiðingu úrgangstilskipunar og breytingar á framleiðendaábyrgð raf- og rafeindatækja. Á milli þessara erinda fjallaði Guðmundur G. Þórarinsson, formaður stýrinfndar, um raf- og rafeindatækjaúrgang. Halldór Runólfsson frá Matvælastofnun fjallaði um lög og reglur um slátur- og dýraúrgang, undirritaður fjallaði um framtíð brennsustöðva á Íslandi og Lúðvík Gústafsson fjallaði um gasmál urðunarstaða. Að fyrirlestrum loknum var farið í skoðunarferð í Álfsnes þar sem Bjarni Hjarðar tók á móti hópnum, sýndi og sagði frá staðnum.

Haustfundur FENÚR 2012, haldinn á Nordica Hótel þann 15. nóvember 2012

Í stað árlegrar haustferðar var ákveðið að boða til umræðufundar í samráði og samvinnu við Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Umræðuefnið var drög að Landsáætlun um úrgangsmál þar sem Kjartan Ingvarsson kynnti drög að landsáætluninni, Lúðvík Gústafsson og Bryndís Skúladóttir kynntu sjónarmið umsagnaraðila, annars vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga og hins vegar Samtaka atvinnulífsins. Þátttakendum var síðan skipt í 5 umræðuhópa þar sem lögð voru fyrir sömu þrjú umræðuefni fyrir hvern hóp, þ.e. „Takmarkanir á urðun“, „Gjaldtaka“ og „Önnur atriði“. Hópstjórar sáu um að skrifa hjá sér helstu athugasemdir og tillögur þátttakenda auk þess að kynna helstu niðurstöður í lok fundar. Öllu efni var síðan safnað saman, sett í skjal sem var sent til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis til frekari skoðunar. Niðurstöður fundarins eru aðgengilegar á heimasíðu Fenúr, www.fenur.is.

Óhætt er að segja að haustráðstefnan hafi verið með óhefðbundnu sniði, ekkert ferðalag, engin skoðun og engin móttaka. Umræður fóru hægt af stað en náðu góðu skriði þegar á leið. Það er von okkar að þessi vinna hafi nýst Umhverfis og auðlindaráðuneyti í frekari vinnslu á drögum landsáætlunar og að vettvangur Fenúr verði nýttur enn frekar með sama eða svipuðum hætti í öðrum málum og fyrir fleiri aðila. Fenúr er fyrst og síðast fagráð um úrgang og endurvinnslu þar sem saman kemur fólk úr öllum geirum úrgangsmála, þ.e. fyrirtækja, sveitarfélaga, eftirlitsstofnana og ráðuneyta. Hér á landi er hvergi mögulegt að nálgast jafn fjölbreyttan hóp með jafn víðtæka þekkingu og reynslu af úrgangsmálum og úrgangstjórnun og raun ber vitni. Ég hvet félagsmenn til að vera virk í félagskapnum, senda inn erindi og hugmyndir til stjórnar og almennt breiða út boðskapinn. Þótt mikið

hafi áorkast í úrgangsmálum á síðustu tveimur til þremur áratugum þá eru verkefni framundan mörg og margbrotin þar sem sætta þarf sjónarmið, þarfir, vilja og markmið heimila, fyrirtækja, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila sem að málaflokknum koma.

Helstu verkefni

Stjórn Fenúr sendi frá sér umsögn um drög Landsáætlunar um úrgangsmál þar sem Fenúr bauð samstarf vegna samræmingar merkinga og litakerfa sem og í fræðslumálum og gagnasöfnun. Að auki benti stjórn á að framkvæmd framleiðendaábyrgðar þarfnaðist frekari skoðunar og að það vantaði bakgrunnsvinnu vegna tillagna um urðunartakmarkanir. Önnur verkefni voru hefðbundin, undirbúningur og úrvinnsla haustfundar sem og undirbúningur aðalfundar. Að auki er í skoðun að boða til vorfundar.

NAF (áður DNR)

Fulltrúar NAF (Nordisk affald forening) hittust daginn fyrir aðalfund ISWA í Flórens í september þar sem farið var yfir dagskrá aðalfundarins. Formaður FENÚR mætti á þennan fund um síðir eftir að hafa farið villu vegar um Flórens.

Aðalfundur ISWA og ráðstefna

Formaður FENÚR sótti þann 16. september aðalfund ISWA fyrir árið 2012 og ráðstefnu sem haldin var í kjölfarið dagana 17. til 19. september, ekki síst vegna styrks frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti fyrir ráðstefnugjöldum, þá fyrir formann. Fenúr greiddi fyrir flug. Auk undirritaðs voru Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Már Guðmundsson á ráðstefnunni.

Á aðalfundi ISWA voru yfir 80 félagsmenn, þar af 47 fulltrúar þjóðríkja (national members). Á ráðstefnunni voru 1.300 þátttakendur, fyrirlestrar voru 240 talsins skipt í 49 umræðuefni (sessions) og póster kynningar voru 180. Miðað við fjölda fyrirlestra þá voru heitustu umræðuefnin um **Endurvinnsla og endurnýtingu (Recycling and resource recovery)** þar sem voru tuttíu fyrirlestrar, **Vöktun urðunarstaða eftir lokun (Aftercare landfills and dump sites)** með 20 fyrirlestra, því næst umræða um **Loftfirrt og loftháð niðurbrot lífræns úrgangs (Aerobic and anaerobic digestion of biowaste)** þar sem voru fluttir 18 fyrirlestrar, **Úrgangsmál á Ibero American svæði** og **Hvernig koma eigi fyrir úrgangsmýndun (Waste prevention)** með 17 fyrirlestra hvort efni, **Samskipti og félagsleg málefni (Communication and social issues)** með 14 fyrirlestra og **Meðhöndlun hættulegra efna** þar sem fluttir voru 10 fyrirlestarar. Færri fyrirlestrar voru í öðrum umræðuefnum og sem dæmi má nefna **Úrgangsstjórnun á Norðurlöndum (Waste management in Nordic countries)** þar sem Bjarni Hjarðar hjá Sorpu hélt fyrirlestur sem nefndist „**Waste management at the edge of Europe**“ eða **Úrgangsstjórnun á jaðri Evrópu**.

Næsti aðalfundur ISWA og ráðstefna í kjölfarið verður haldinn í Vín, Austurríki, næsta haust, þá dagana 7. til 11. október. Árið 2014 verður síðan þessi atburður haldinn í Brasilíu, nánar tiltekið Rio de Janeiro.

Nýir félagar

Engir nýir félagar bættust í hópinn á árinu og einn aðili, Umhverfisstofnun, tilkynnti um úrsögn vegna hækkunar á aðildargjöldum. Formaður og ritari, Bryndís Skúladóttir, áttu nýlega ágætan fund með Kristínu Lindu Árnadóttur, forstjóra, og Gunnlaugu H. Einarsdóttur, sviðstjóra, vegna málsins þar sem meðal annars var farið yfir tilgang og markmið félagsins, uppbyggingu gjaldskrár og hvort og þá hvernig Umhverfisstofnun gæti haft hag af áframhaldandi þátttöku.

FENÚR fréttir

FENÚR fréttir lágu niðri á árinu, líkt og síðasta ár. Þar sem fjármagn er af skornum skammti var ekki ástæða til að endurvekja útgáfu Fenúr fréttanna.

Umsýsla og daglegt skipulag

Sem fyrr hefur starfsfólk SORPU annast daglegan skrifstofurekstur fyrir FENÚR svo sem innheimtu félagsgjalda, færslu bókhalds, rekstur heimasíðu og fylgja eftir hönnun, sölu og útsendingu flokkunarkerfja í samræmi við samning þar um. Almenn ánægja hefur verið með þá þjónustu og ekki verið ástæða til að breyta til. Það er þó vilji stjórnar að fara betur yfir umsýslu Fenúr merkja þá með það í huga að lækka hönnunar- og prentkostnað og helst leggja af lagerhald á merkjum.

Markmið FENÚR

Af gefnu tilefni vil ég minna á að FENÚR er, eins og ég hef áður nefnt, félagsamtök sem hafa það að markmiði að standa fyrir faglegri umræðu um söfnun og meðhöndlun úrgangs og ekki síst að stuðla að aukinni endurnotkun og endurvinnslu.

Þannig er FENÚR faghópur, ekki hagsmunasamtök, þar sem hvatt er til umræðu og skoðanaskipta um ólíkar aðferðir við úrgangstjórnun þar sem taka þarf tillit til ólíkra aðstæðna. Eitt af verkefnum félagsins er að stuðla að meira og markvissara samstarfi milli löggjafarvalds, eftirlits og framkvæmdavalds, ef þannig má að orði komast, til að tryggja ásættanlegan árangur í úrgangsmálum þjóðarinnar. Landsmarkmiðin þurfa að vera raunhæf svo þau skili tilætluðum árangri á sem hagkvæmastan hátt (þrátt fyrir ólíkar söfnunaraðferðir og aðstæður) og helst þannig að allir séu að vinna að sömu markmiðum. Að mínu mati er tvennt sem þarf að huga sérstaklega á næstu misserum, annars vegar söfnun og meðhöndlun lífræns úrgangs (bæði frá atvinnulífinu og heimilum) og hins vegar söfnun og meðhöndlun á plastumbúðum og plasti almennt.

Hlutverk stjórnar er vissulega að vinna að ofangreindum markmiðum og efla starfsemi félagsins. Árangurinn er þó ávallt háður virkri þátttöku félagsmanna, ekki síst á milli helstu atburða, þ.e. haustfundar og aðalfundar. Enn og aftur hvet félagsmenn til að vera virka í félagskapnum, senda inn erindi og hugmyndir til stjórnar og almennt breiða út boðskapinn. Þannig náum við til fólks og þannig náum við árangri.

Að svo mæltu þakka ég stjórn, félagsmönnum og öllum þeim sem hafa lagt okkur lið með erindum, ráðum og umræðum á og milli viðburða félagsins á starfsárinu.

Flutt á aðalfundi FENÚR Hótel Hafnafirði þann 11. apríl 2013

F. h. stjórnar FENÚR,
Hafsteinn H. Gunnarsson
formaður stjórnar